

press release, pressemitteiling, pressemelding, fréttatilkynning

Event no: 724100

PR(08) (62)

Brussel, 8 október 2014

Innri markaður: Íslenskar innflutningstakmarkanir á fersku kjöti brjóta í bága við EES samninginn

Íslensk löggjöf um innflutning á fersku kjöti er andstæð EES-samningnum samkvæmt rökstuddu álitum sem Eftirlitsstofnun EFTA sendi frá sér í dag. Hægt er að nálgast álitid [hér](#).

Íslensk löggjöf felur í sér innflutningstakmarkanir á fersku kjöti, unnu sem óunnu, kældu sem frosnu, sem og innmat og sláturúrgang hvort sem um ræðir svína-, nauta-, lamba-, geita- eða alífuglakjöt eða kjöt af villtum dýrum.¹ Innflytjendur verða samkvæmt gildandi lögum að sækja um leyfi og leggja fram margvísleg gögn til Matvælastofnunar.

Krafan um að innflytjendur sækji um sérstakt leyfi til innflutnings og leggi fram ýmiskonar vottorð, svo sem til að staðfesta að vörurnar hafi legið frosnar við að lágmarki -18°C í 30 daga og að þær séu ekki smitaðar af salmonellu stangast á við EES-samninginn. Með henni er komið á reglubundnu eftirliti með dýraafurðum frá öðrum EES-ríkjum og telst það viðskiptahindrun í skilningi EES-samningsins. Ferskar kjötvörur innan EES lúta nákvæmum reglum um heilbrigðiseftirlit í útflutningsríkisinu en eftirlit í viðtökuríki er takmarkað við stikkprufur. Reglurnar byggjast gagnkvæmu trausti milli EES ríkja og eiga að stuðla að óheftum flutningum vöru á innri markaðinum eins og samningurinn gerir ráð fyrir.²

ESA telur íslensk stjórnvöld ekki hafa sýnt fram á að núverandi fyrirkomulag megi réttlæta með þeim rökum að það sé nauðsynlegt til að vernda líf og heilsu manna og dýra. Þau vísindalegu gögn sem íslensk stjórnvöld hafa framvísað rennaekki stoðum undir gildandi reglur heldur sýna þvert á móti að áhætta á sýkingu búfjár gegnum innflutning á fersku kjöti sé hverfandi.

ESA telur umrætt kerfi leyfisveitinga þannig fela í sér óréttlætanlegar og ónauðsynlegar viðskiptahindranir.

Rökstutt álit er annað skref í meðferð sammingsbrotamáls. Hafi íslensk stjórnvöld ekki brugðist við innan tveggja mánaða getur ESA vísað málinu til EFTA-dómstólsins.

Til frekari upplýsinga má finna spurningar og svör ætluð fjölmiðlum [hér](#) og/eða hafa samband við:

[Mr Ólafur Jóhannes Einarsson](#)

Director, Department of Internal Market Affairs

tel. (+32)(0)2 286 18 73

¹ Innflutt matvæli sem flokkast undir vöruliði: 0202, 0203, 0204, 0207, 0208, 0210, 1601 og 1602.

² Tilskipun 89/662/EBE.

[Mr. Andreas Kjeldsberg Pihl](#)

Press & Information Officer

tel. (+32)(0)2 286 18 66

mob. (+32)(0)492 900 187